

# UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐ TIL ENDURLÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Reglur um endurnýjun réttinda sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 441/2010 um  
vigtarmannanámskeið.

Sá sem óskar endurnýjunar á réttindum skal sækja endurmenntunarnámskeið. Skilyrði fyrir setu á endurmenntunarnámskeiði er að umsækjandi hafi áður öðlast réttindi og að sótt hafi verið um endurnýjun réttinda innan þriggja ára frá því að réttindi féllu úr gildi. Prófnefnd getur veitt manni heimild til að sækja endurmenntunarnámskeið í stað almenns námskeiðs sé þess óskað innan fimm ára frá því að löggilding féll úr gildi. Prófnefnd metur slíka umsókn m.a. með tilliti til þess hvort umsækjandi hefur unnið við vigtun og öðlast hæfni og reynslu á þeim tíma sem réttindi hans voru í gildi.

**Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu,  
endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu**

Svo löggilda megi vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búsföræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. – Á höfuðborgarsvæðinu hjá Sýslumanninum staðsettum í Kópavogi, Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi. Búföræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum (eins hægt að sækja um það á netinu). Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

## Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

## Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 1 dag.
2. Það þarf að greiða þáttökugjald fyrirfram.
3. Ef námskeiðið yfiryllist raðast menn inn á námskeiðið í þeirri röð sem greitt var.
4. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Neytendastofu (kjallara) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30. Sjá nánari stundarskrá hér að neðan.
5. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dyrnar að ofanverðu kl. 8:00).
6. Best er að ganga inn að neðanverðu, þar blasa við leiðbeiningar um aðgönguleið að námskeiðsstofu.
7. Það eru næg bílastæði á efstu hæð bílageymsluhúss á bakvið Borgartún 21. Ekið er niður á milli Borgartúns 21 og Arionbanka og þar upp á efstu hæð á bílastæðishúsi.
8. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Ríkissáttasemjari, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fasteignamat ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.
9. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skriffæri.
10. Þátttakendur þurfa að koma með reiknivél,
11. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum.